

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Garðabæ.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgangslufundi 3. mars 2023 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

*Flataskóli – Garðaskóli – Ásgarðsdeiliskipulag.*

Breytingin gerir ráð fyrir að heimilt sé að nýta skólalóðir utan sem innan byggingarreits sem stæði fyrir færanlegar kennslustofur til bráðabirgða, enda uppfylli þær kröfur byggingarreglugerðar um brunavarnir. Skólastofurnar verði þó innan byggingarreits Flataskóla sem snýr að lóðarmörkum til suðausturs. Að öðru leyti gilda áður útgefnir skilmálar.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 6. mars 2023.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 8. mars 2023